

Viðauki 2

Velferðarsvið

Á velferðarsviði er lagt til að samþykktur verði viðauki vegna kostnaðarauka barnaverndarmála, sem skýrist af meira umfangi. Kostnaðarauki er mikill vegna félagslegrar heimaþjónustu sérstaklega vegna innlits hjá veiku fólki eins og sérstaklega hefur verið greint frá í bæjarráði. Bæta þarf við áætlun á sambýli Miðskóga vegna launa. Á íbúakjarna fatlaðs fólks Brekkuási sem rekið er af Ás þarf aukið rekstrarfjármagn vegna síðbúinna kjarasamninga Áss við stéttarfélög. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna afsláttar fasteignaskatta lækki í ljósi reynslutalna á árinu. Einnig verði búsetuúrræði, sólarhringsþjónusta lækkuð vegna lægri kostnaðar en upphaflega var áætlað. Samtals er lagt til 103 m.kr. kostnaðarauka á Velferðarsviði sbr. neðangreinda sundurliðun.

02330	Vistgjöld vegna barnaverndar	70.000.000	
02340	Úrræði á heimili v/barna, barnavernd	5.000.000	
02150	Félagsleg heimaþjónusta	70.000.000	
02564	Miðskógar sambýli fatlaðra	10.000.000	
02568	Brekkuás íbúakjarni fatlað fólk	30.000.000	
02415	Afsláttur fasteignagjalda	-32.000.000	
02567	Búsetuúrræði, sólarhringsþjónusta	-50.000.000	103.000.000

Fræðslumál

Á fræðslusviði er lagt til að samþykktur verði viðauki vegna niðurgreiðslu á skólamat. Endurgreiðsla ríkisins til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð stendur aðeins undir hluta kostnaðarins. Nauðsynlegt er að uppfæra áætlun vegna þessa. Um 44 fleiri börn eru á leikskóladeildinni í Urriðaholtsskóla en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Starfsemi frístundar í Urriðaholtsskóla er einnig umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Færri börn hafa verið á frístundaheimilum í sérskólum og frístundaheimilum í öðrum sveitarfélögum en áætlanir gerðu ráð fyrir og því er sá liður lækkaður. Samtals er lagt til 167 m.kr. kostnaðarauka á Fræðslusviði sbr. neðangreinda sundurliðun.

04030	Niðurgreiðsla á skólamat	176.000.000	
04030	Leikskóladeild Urriðaholtsskóla	40.000.000	
04287	Frístund Urriðaholtsskóla	6.000.000	
04290	Frístundaheimili önnur	-55.000.000	167.000.000

Æskulýðs- og íþróttamál

Á Æskulýðs- og íþróttasviði er lagt til að samþykktur verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna eftirtaldrá þátta. Orkukaup í Ásgarðslaug voru vanáætluð í samþykkttri fjárhagsáætlun ársins. Laun í vinnuskólanum hækkuðu um rúmlega 10% skv. kjarasamningum sem er umfram almennar hækkunir. Áætlun gerði ekki ráð fyrir slíkri hækkun.

06511	Orkukaup Ásgarðslaug	14.000.000	
06271	Vinnuskóli laun	17.000.000	31.000.000

Hækkun lífeyrisskuldbindingar

Fyrir liggur útreikningur tryggingastærðfræðings á áætlaðri lífeyrisskuldbindingu Garðabæjar fyrir árin 2025 og 2026. Útreikningarnir gera ráð fyrir að gjaldfærsla vegna hækkunar verði á árinu 2025 490 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 450 m.kr. Áætlun fyrir árið 2026 gerir hins vegar ráð fyrir 390 m.kr.

Hækkun gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar 2025	40.000.000	40.000.000
--	------------	------------

Kostnaðarauki samtals	341.000.000	341.000.000
-----------------------	-------------	-------------

Fjármögnun

00010	Útsvar	-203.000.000
00060	Fasteignaskattur	-63.000.000
00100	Jöfnunarsjóður	-68.000.000
00350	Lóðarleiga	-7.000.000
Samtals		-341.000.000
mismunur		0